

## Lög

um

samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Nr. 79.

14. nóvbr.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum geta bæjarstjórnir gert samþyktir um lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Í samþyktum þessum má kveða á um það, að kaup og sala megi eigi fara fram í sölubúðum kaupmanna tiltekinn tíma á sólarhring hverjum, eða tiltekna daga, eftir því sem til hagar á hverjum stað, svo og að kaupmenn skuli skyldir að loka sölubúðum sínum á tilteknum tíma.

Setja má og í samþykt samskonar ákvæði um kaup og sölu utan sölubúða, er fram fer á götum aða torgum á varningi, sem eigi má selja nema samkvæmt verslunarleyfi.

3. gr.

Nú hefir bæjarstjórn gert samþykt samkvæmt 1. gr., og skal hún þá senda frumvarpið stjórnarráðinu til staðfestingar.

Nú virðist stjórnarráðinu ákvæði í samþykt ganga of nærri rjetti manna eða atvinnufrelsi, eða brjóta bág við almennar grundvallarreglur laga, og synjar það þá samþykt staðfestingar, en tilkynna skal það bæjarstjórn ástæður fyrir synjun sinni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina og ákveður, hve nær hún skuli koma til framkvæmdar.

Samþykt heldur gildi sínu 10 ár í senn, nema breytt sje eða afnumin áður, en endurnýja má hana, á sama hátt og hún var sett, jafnlangan tíma.

Samþyktir samkvæmt lögum þessum skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 14. nóvember 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

Sigurður Jónsson.